



SÝSLUMAÐURINN Í BOLUNGARVÍK

Aðalstræti 12 - 415 Bolungarvík • Sími 456 7222 • Fax 456 7573 • Kt. 500674-0599 • Banki 1176-26-1 • Netfang bolungarvik@syslumenn.is • Veffang www.syslumenn.is

Bolungarvík, 5. desember 2008.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/351
komudagur 5.12.2008

Netfang: nefndasvid@althingi.is

Efni: 193. Þingmál 2008.


Ég leyfi mér að vekja athygli á að í 29. gr. frumvarps til laga um breytingu á tollalögum og fleiri lögum m.a. á lögum nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum segir í upphafi: „Tollstjóri er lögskráningarstjóri í Reykjavík og sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi.“

Á það skal bent að stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins í Reykjavík nær jafnframt yfir sveitarfélögin Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbæ, og Kjósarhrepp, sbr. 2. gr. laga nr. 89/1992 um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Til að taka af tvímæli um hver teljist lögskráningarstjóri í þessum sveitarfélögum kynni að fara betur á að orða upphaf greinarinnar sem hér segir:

Tollstjóri er lögskráningarstjóri í umdæmi sýslumannsins í Reykjavík en aðrir sýslumenn eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi.

Þá þykir mega vekja athygli á því að ekki er vitað til að nokkur sýslumaður hafi hreppstjóra á sínum snærum lengur. Því mætti að ósekju taka þá út þar sem um þá er fjallað í greininni.

Virðingarfyllst,



Jónas Guðmundsson,